

STJÓRNARTÍÐINDI A 6 — 1984

24. apríl 1984

37

Nr. 23

LÖG

um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Frá reiknuðum tekjuskatti skv. 67. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, álögðum á árinu 1983 á tekjur ársins 1982 skal, auk persónuafsláttar skv. 68. gr. sömu laga, draga sérstakan persónuafslátt er nemi 1 400 kr. fyrir hvern mann er um ræðir í 1. mgr. 67. gr. laganna.

Um ráðstöfun þess hluta sérstaks persónuafsláttar, er ekki nýtist til lækkunar reiknuðum skatti, fer eftir ákvæðum 2. mgr. 68. gr. laga nr. 75/1981.

Enn fremur skal, auk barnabóta skv. 69. gr. sömu laga, greiða á gjaldárinu 1983 sérstakar barnabætur fyrir þau börn, er um ræðir í þeirri grein og yngri eru en 7 ára í lok tekjuársins, er nemi 3 000 kr. fyrir hvert barn. Um ráðstöfun þessa barnabótaauka fer eftir ákvæðum 69. gr.

2. gr.

Bætur lífeyristrygginga skv. lögum nr. 67/1971, með áorðnum breytingum, svo og greiðslur skv. 73. gr. laganna skulu hækka um 8% hinn 1. júní 1983 og þær bætur um 4% hinn 1. október 1983. Þessar breytingar koma í stað breytinga skv. 79. gr. sömu laga.

Hinn 1. júní 1983 skal þó fjárhæð uppbótar á lífeyri, tekjutryggingar skv. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, með áorðnum breytingum, svo og heimilsuppbótar skv. 2. mgr. 19. gr. greindra laga, hækka um 5% umfram það sem segir í 1. mgr. þessarar greinar. Enn fremur skal hinn 1. júní 1983 fjárhæð mæðralaun skv. 15. gr. laga nr. 67/1971, með áorðnum breytingum, hækka umfram það sem segir í 1. mgr. þessarar greinar sem hér segir:

Með einu barni um 100%.

Með tveimur börnum og fleiri um 30%.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 150 milljónum króna umfram fjárveitingar á fjárlögum fyrir árið 1983 til jöfnunar og lækkunar hitunarkostnaðar íbúðarhúsnæðis á því ári. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

4. gr.

Á árinu 1983 er fjármálaráðherra heimilt að lækka ríkisútgjöld frá því sem ákveðið er í fjárlögum fyrir árið 1983 um allt að 300 milljónum króna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1984.

Steingrímur Hermannsson.**Þorvaldur Garðar Kristjánsson.****Magnús Þ. Torfason.**

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um kjaradóm í vinnudeilu Félags íslenskra atvinnuflugmanna og Flugleiða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefni þrjú menn í kjaradóm sem skal fyrir 15. júní 1984 ákveða kaup og kjör þeirra félagsmanna Félags íslenskra atvinnuflugmanna sem starfa hjá Flugleiðum.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja kjaradómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Kjaradómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum, opinberum aðilum og fyrirsvars-
mönnum Flugleiða og Félags íslenskra atvinnuflugmanna.

2. gr.

Kjaradómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara flugmanna hafa til viðmiðunar við úrskurð sinn síðastgildandi kjarasamning aðila og þær almennu kaup- og kjarabreytingar sem orðið hafa samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði frá gildistöku laga um launamál, nr. 71/1983.

3. gr.

Ákvarðanir kjaradóms samkvæmt 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Verkbönn, verkföll, þar með taldar samúðarvinnustöðvanir eða aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála, eru óheimilar.